

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 2. september kl. 09:07 var haldinn 117. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, S. Björn Blöndal, Gísli Garðarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ólafur Bjarnason, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 28. ágúst 2015.

2. **Kjalarnes, Melavellir, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN150181

471103-2330 Matfugl ehf., Völuteigi 2, 270 Mosfellsbær  
500191-1049 Arkþing ehf, Bolholti 8, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Matfugls ehf., dags. 27. mars 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Melavellir á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitir fyrir alifuglahús, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 4. mars 2015. Einnig er lagt fram bréf Stefáns Geirs Þórissonar hrl. f.h. Matfugls ehf. dags. 16. mars 2015 og umhverfisskýrsla verkfræðistofunnar Eflu, dags. 15. apríl 2015. Jafnframt er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlitsins, dags. 2. júní 2015. Tillagan var auglýst frá 30. júní 2015 til og með 12. ágúst 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson, dags. 10. ágúst 2015 og hverfisráð Kjalarness, dags. 12. ágúst 2015.

*Frestað.*

*Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

3. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi** (04.91) Mál nr. SN140617  
530214-0870 Teiknistofan Stórð ehf., Laugavegi 168, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Breiðholtsbraut til norðurs, Skógarseli til austurs og jaðri íbúabyggðar við Þverársel og bæjarmörkum að Kópavogi til suðurs. Í breytingunni felst heildarendurskoðun á eldra deiliskipulagi frá 2008 samkvæmt uppdrætti Teiknistofunnar Stórð ehf. dags. 12. mars 2015. Einnig er lögð fram greinargerð ásamt skýringaruppdrætti, dags. 12. mars 2015. Jafnframt er lögð fram umsögn Íþróttta og tólmstundaráðs dags. 19. desember 2014 og umsögn Velferðarsviðs dags. 3. febrúar 2015. Tillaga var auglýst frá 29. maí til og með 10. júlí 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ólafur Gylfason f.h. rúmlega 300 aðila á undirskriftalista dags. 7. júní 2015, Erlendur Ísfeld dags. 10. júní 2015, Matthías Matthíasson dags. 11. júní 2015, Húsfélagið Árskógum 6 og 8, 98 undirskriftir dags. 8. júlí 2015, Pétur Valdimarsson dags. 9. júlí 2015 og íþróttafélagið Askur dags. 7. júlí 2015.

Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2015.

*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2015.*

*Vísað til borgarráðs.*

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Keilugrandi/Boðagrandi/Fjörugrandi,** (01.513.3) Mál nr. SN150467  
*breyting á deiliskipulagi*  
130473-5559 Jón Valgeir Björnsson, Brávallagata 4, 101 Reykjavík

Lögð fram verklýsingu umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2015 vegna breytinga á deiliskipulagi lóðanna nr. 1 við Keilugranda, Fjörugranda og sléttar tölur við Boðagranda

*Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Fulltrúi Framsóknarflokksins og flugvallarvinar Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir bókar:*

*„Mikilvægt er að fjölga íbúðum í eigu félaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða en jafnframt er mikilvæg að tryggja að aðstaða sé í hverfum fyrir íþróttastarf. Því er mikilvægt að KR komi að mótun svokallaðrar „lýðheilsubrautar“ í gegnum reitinn eins og félagið hefur óskað eftir.“*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka:*

*„Í síðast liðnum desembermánuði samþykkti íþrótt- og tómsundaráð samhljóða áskorun til borgarráðs og umhverfis og -skipulagsráðs að sjá til þess að lóðin Keilugrandi 1 verði skilgreind sem íþrótt- og útivistarsvæði og að hún verði öll nýtt í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við Knattspyrnufélag Reykjavíkur. Einnig bókaði ráðið hvatningu til borgarráðs að taka tillit til hagsmuna KR í fyrirliggjandi skipulagi á lóðinni við Keilugranda og að mikilvægt væri að þrengja ekki svo að félaginu að það geti ekki annað eftirspurn á komandi árum og áratugum. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gerðu svæði KR að umfjöllunarefni í borgarstjórn í sama mánuði og lögðu þunga áherslu á að að lóðin Keilugrandi 1 verði skilgreind sem íþrótt- og útivistarsvæði og nýtt í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við KR.*

*Jafnframt er það mat fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að Reykjavíkurborg hafi ekki heimild til þess að úthluta lóðum án greiðslna fyrir byggingarrétt og án undangenginnar auglýsingar eða opins útboðs eins og gert var með lóðina á Keilugranda 1. Húsnæðissamvinnufélög starfa á íbúðamarkaði og eiga þar í samkeppni við sjálfstæða aðila, hlutafélög og önnur húsnæðissamvinnufélög. Húsnæðissamvinnufélög starfa sem sagt á samkeppnisgrundvelli enda er búseturéttur ekki félagslegt úrræði. Þá er rétt að benda á að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu veita húsnæðissamvinnufélögum ekki sérstaka fyrirgreiðslu í formi lóðaúthlutana.“*

*Vísað til borgarráðs.*

Hildur Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Stangarholt 3-11, deiliskipulag** (01.246.1) Mál nr. SN150006

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3-11 við Stangarholt. Í skipulagstillögunni felst skipting lóðar, gera byggingarreit fyrir færanlega skólastofu vestan megin leikskólans o.fl., samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. júlí 2015. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa að Stangarholti 3-11, mótt. 18. maí og 9. og 17. júlí 2015.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísað til borgarráðs.*

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Gamla höfnin - Vesturbugt, breyting á** (01.0) Mál nr. SN150499  
*deiliskipulagi*

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, Gömlu hafnarinnar. Í breytingunni felst fjölgun íbúða samkvæmt uppdr. Alark arkitekta ehf., dags. 8. júlí 2013 síðast breyttur 27. ágúst 2015. Einnig er lagt fram erindisbréf Borgarstjóra vegna skipunar stýrihóps um verkefnið.

*Fulltrúar Alark Jakob Líndal og Kristján Ásgeirsson kynna.*

Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

7. **Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020,** Mál nr. US150180  
*kynning*

Kynning á hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020.

*Fulltrúi Mannvits Ólöf Kristjánsdóttir kynnir.*

Kristinn Jón Eysteinnsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

8. **Samgönguvika, Bankastræti lokað fyrir** Mál nr. US150181  
*bílaumferð*

Kynnt tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 31. ágúst 2015 að tímabundinni lokun Bankastrætis fyrir bílaumferð vegna opunarviðburðar samgönguviku 16. september 2015.

*Samþykkt.*

*Vísad til borgarráðs.*

Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

9. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423  
*Fundargerð*

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 840 frá 1. september 2015.

10. **Fríkirkjuvegur 11, Breytingar úti og inni,** (01.183.413) Mál nr. BN049604  
*breytt notkun*  
631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta veitinga- og ráðstefnusal fyrir 160 gesti þar sem sótt verður um tækifærisleyfi fyrir hvern viðburð í kjallara og á 1. hæð, lækkuð verður gólfplata í hliðarsal, taka niður svið í sal í sömu hæð og gólfplatan, koma fyrir salernum, koma fyrir matarlyftu/þjónustulyftu við eldhús og fólkslyftu frá kjallara upp á 1. hæð ásamt öðrum breytingum sem nefndar eru í byggingalýsingu á teikningu og sótt er um leyfi til að innréttuð verður íbúð á 2. hæð og í risi, fjarlægður verður stigi á milli 1. og 2 hæðar og hann geymdur, breyta núverandi útitröppum við suðurgafli, koma fyrir lyftu vegna aðkomu hreyfihamlaða og fjölga þakgluggum á austanverðu úr 2 í 6 stykki í húsinu á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg. Einnig er lagt fram minnisblað byggingarfulltrúa dags. 17. ágúst 2015.

Bréf frá hönnuði dags. 16. júní 2015 og aftur 15. júlí 2015, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 9. júní 2015, bréf frá Forsætisráðuneytinu dags. 12 maí

2015 og Greinargerð hönnuðarstjóra dags. 16. júní 2015 fylgir erindinu. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. júlí 2015 fylgir erindinu.  
Gjald kr. 9.823  
*Minnisblað byggingarfulltrúa 17.ágúst 2015 samþykkt.*

### (C) Fyrirspurnir

11. **Engjateigur 7, (fsp) nýr byggingarreitur,** (01.366.5) Mál nr. SN150255  
*fækkun bílastæða o.fl.*  
540671-0959 Iceland Construction hf., Bugðuflióti 19, 270 Mosfellsbær  
531107-0550 Arkís arkitekta ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ístaks hf., dags. 5. maí 2015, um að afmarka nýjan byggingarreit fyrir hliðhús syðst á lóðinni nr. 7 við Engjateig, girða lóðina af, færa innkeyrslu, fækka bílastæðum o.fl., samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 5. maí 2015. Einnig er lagt fram bréf Arkís arkitekta ehf., dags. 5. maí 2015.  
*Vísað til umsagnar hverfisráðs Laugardals.*  
*Óskað er eftir að umsögnin berist innan þriggja vikna.*

*Fulltrúar Arkís Edda Kristín Einarsdóttir, Arnar Þór Jónsson, fulltrúi Ístaks Ingimar Ragnarsson og Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.*

12. **Laugavegur 18B, (fsp) breyting á notkun** (01.171.5) Mál nr. SN150443  
*jarðhæðar*  
480411-2340 Around Iceland ehf., Laugavegi 18b, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Around Iceland ehf., dags. 4. ágúst 2015 varðandi breytingu á notkun jarðhæðar að Laugavegi 18b. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2015.  
*Umhverfis og skipulagsráð tekur neikvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2015.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir og fulltrúi Framsóknarflokksins og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.*

*Valný Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

### (D) Ýmis mál

13. **Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir** Mál nr. US130118  
*innkaup*

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í júní 2015.

14. **Umhverfis- og skipulagssviðs, sex mánaða** Mál nr. US150182  
*uppgjör 2015*

Lagt fram sex mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2015 ásamt verkstöðuskýrslu nýframkvæmda janúar til júní 2015.

15. **Þórsögata 13, beiðni um endurupptöku máls** (01.181.1) Mál nr. SN150287  
160977-4779 Karl Sigfússon, Þórsögata 13, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Karls Sigfússonar og Írisar Bjarnadóttur dags. 16. maí 2015 þar sem óskað er eftir að beiðni um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 13 við þórsögötu

sem synjað var af umhverfis- og skipulagsráði þann 25. júní 2014 verði tekin fyrir að nýju hjá umhverfis- og skipulagsráði. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. ágúst 2015.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. ágúst 2015 samþykkt.*

16. **Betri Reykjavík, sópa hjólastíga áður en alvarleg slys hljótast af (USK2015070054)** Mál nr. US150173  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Sópa hjólastíga áður en alvarleg slys hljótast af“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2015. Erindið var fjórða efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 27. ágúst 2015.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 27. ágúst 2015 samþykkt..*

17. **Betri Reykjavík, kaupa snjósópara fyrir gangstéttir og hjólastíga (USK2015070051)** Mál nr. US150176  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Kaupa snjósópara fyrir gangstéttir og hjólastíga“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. júlí 2015. Erindið var efsta hugmynd júlímánaðar 2015 á samráðsvefnum og kemur úr flokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 27. ágúst 2015.

*Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 27. ágúst 2015 samþykkt..*

18. **Brautarholt 7, kæra 68/2015** (01.242.0) Mál nr. SN150483  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 21. ágúst 2015 ásamt kærðu þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 28. júlí sl, vegna lóðar nr. 7 við Brautarholt. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.

*Vísad til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.*

19. **Hverfisgata 16 og 16A, kæra 67/2015** (01.171.0) Mál nr. SN150482  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. ágúst 2015 ásamt kærðu þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna lóðar nr.16 og 16A við Hverfisgötu.

*Vísad til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.*

20. **Hólmsheiði, Fisfélag Reykjavíkur, kæra 37/2014, umsögn, úrskurður** (05.18) Mál nr. SN140226  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 2. maí 2014 ásamt kærðu dags. 25. apríl 2014 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Hólmsheiðar, athafnasvæðis Fisfélags Reykjavíkur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. maí 2014. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 26. ágúst 2015.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

21. **Brautarholt 7, kæra 35/2014, umsögn, úrskurður** (01.242.0) Mál nr. SN140225  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 28. apríl 2014 ásamt kæru dags. 28. apríl 2014 þar sem kærð er ákvörðun borgarráð frá 20. febrúar 2014 á breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 7 við Brautarholt. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 27. maí 2014. Lagður fram bráðabirgðaúrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 19. ágúst 2015.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.

22. **Njálsgata 78, kæra 58/2015, umsögn, (01.191.1) Mál nr. SN150462**  
*úrskurður*  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 10. ágúst 2015 ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi fyrir fasteignina á lóð nr. 78 við Njálsgötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 12. ágúst 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. ágúst 2015.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúa.

Fleira gerðist ekki.

#### **Fundi slitið kl. 14:15**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

S. Björn Blöndal  
Gísli Garðarsson  
Áslaug María Friðriksdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Júlíus Vífill Ingvarsson  
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 1. september kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 840. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Björn Kristleifsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Eva Geirsdóttir  
Fundarritari var Harri Ormarsson

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 16** (01.136.506) 100596 Mál nr. BN049447  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hólfa af kennslurými fyrir nemendahópa í kjallara inn af sýningarskála tímabundið á meðan handritasýning er í fjölnotarými við inngang í safni á lóð nr. 16 við Aðalstræti.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*
- Ármúli 12** (01.290.201) 103755 Mál nr. BN049827  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta svölum á 1. og 2. hæð skrifstofuálmu mhl. 03 í fundarherbergi og setja upp færanlegt svið í fjölnotasal í kjallara í Ármúlaskóla á lóð nr. 12 við Ármúla.  
Stækkun með breytingu á B rými í A rými er: 25,6 ferm., 94,7 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
- Bergstaðastræti 4** (01.171.307) 101407 Mál nr. BN049832  
650705-0410 Gamma ehf, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til breytinga innanhúss, setja stiga milli 1. hæðar og kjallara og koma fyrir starfsmannaaðstöðu í kjallara húss á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.  
Meðfylgjandi er umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 26.8. 2015.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
- Borgartún 30** (01.231.101) 180387 Mál nr. BN049693  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 og 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
- Bólstaðarhlíð 47** (01.271.201) 186659 Mál nr. BN049763  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp færanlega kennslustofu K-114F og tengja hana við kennslustofu sem er fyrir K-47 við Háteigsskóla á lóð nr. 47 við Bólstaðarhlíð.  
Stærðir: K-114-F er: 79,1 ferm., 222,8 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*

*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*

6. **Brekkugerði 4** (01.804.404) 107752 Mál nr. BN049668  
120479-4829 Hjalti Gylfason, Brekkugerði 4, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja nýjan steinsteyptan bílskúr að vestanverðu, koma fyrir geymslukjallara undir verönd 0102 og steypa lágan stoðvegg á lóðamörkum nr. 6 og 8 við Brekkugerði á lóð nr. 4 við Brekkugerði.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. ágúst 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2015.  
Bílskúr stærð: 33,4 ferm., 84,9 rúmm.  
Geymslukjallari: 36,3 ferm., 98,0 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdráttar nr. 101, 102 og 103, síðast breytt 9. júlí 2015.*
7. **Drafnarfell 2-18** (04.683.007) 112306 Mál nr. BN049826  
700615-0570 FellaKaffi ehf., Laugavegi 73, 101 Reykjavík  
530591-1159 Róði ehf., Grjótaseli 17, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta kaffihús í flokki II fyrir 30 manns í mhl. 04, rými 0101 í húsi nr. 18 á lóð nr. 2-18 við Drafnarfell. Búið er að innrétta kaffihúsið.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*
8. **Egilsgata 30** (01.195.103) 102583 Mál nr. BN049663  
131273-5339 Regína Bjarnadóttir, Egilsgata 30, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja svalir eins og sýnt er á meðfylgjandi teikningum af fjölþýlishúsi á lóð nr. 30 við Egilsgötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslu skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2016 fylgir erindinu. Erindi var grenndarkynnt frá 24. júlí til og með 22. ágúst 2015. Engar athugasemdir bárust.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
9. **Eiríksgata 17** (01.195.214) 102606 Mál nr. BN049684  
610613-1520 Eclipse fjárfestingar slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á allar hæðir á austurhlíð fjölþýlishúss á lóð nr. 17 við Eiríksgötu.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.*
10. **Fossaleynir 1** (02.456.101) 190899 Mál nr. BN049861  
521009-2170 Knatthöllin ehf, Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi fyrir áður innréttaðri sólbaðstofu í rými 0106 á milli mátlína 13 og 14, A til D í Egilshöll á lóð nr. 1 við Fossaleyni.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
11. **Grandagarður 8** (01.115.101) 100046 Mál nr. BN049240  
090973-5419 Elvar Ingimarsson, Barðastaðir 41, 112 Reykjavík



Sótt er um leyfi til að gera gönguhurð í vöruhurð á suðurhlíð, koma fyrir hurð í stað glugga á austurhlíð og innréttu veitingahús í flokki III fyrir 280 gesti og brugghús í skrifstofuhúsi á lóð nr. 8 við Grandagarð.

Erindi fylgir jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa vegna fsp. um sams konar erindi dags. 30. janúar 2015, greinargerð um brunavarnir dags. 13. apríl 2015 og samþykki eins eiganda dags. 13. júlí 2015.

Einnig fylgja bréf frá Cato lögmenn dags. 6. og 28. ágúst 2015.

Gjald kr. 9.823

*Frestað.*

*Vantar samþykki meðeigenda samkvæmt reglum um fjöleignarhús.*

*Bréfum Cato lögmanna dags. 6. og 28. ágúst 2015 vísað til meðferðar skrifstofu sviðsstjóra.*

12. **Grettisgata 36** (01.190.008) 102346 Mál nr. BN049690  
221267-3979 Orri Vésteinsson, Grettisgata 36, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046987, þannig að viðbygging breiðkar og hækkar og til að byggja svalir á rishæð einbýlishúss á lóð nr. 36 við Grettisgötu. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2015 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. júlí 2015.  
Stækkun frá fyrra erindi: 28 ferm., 80,9 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Með vísan til leiðbeininga og skilyrða í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2015.*
13. **Haukdælabraut 124-126** (05.113.106) 214831 Mál nr. BN049866  
150359-4579 Þorsteinn Kröyer, Dalhús 54, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt parhús einangrað að utan, útveggir klæddir með álklæðningu og þakplata steypt og einangruð með tvöfaldri einangrun á lóð nr. 124-126 við Haukdælabraut.  
Bréf frá hönnuði dags. 20. ágúst 2015 fylgir.  
Stærð hús nr. 124: 242,2 ferm., 773,4 rúmm. Hús nr. 126: 258,9 ferm., 825,2 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
14. **Haukdælabraut 62** (05.114.705) 214807 Mál nr. BN049848  
010160-5379 Haraldur Haraldsson, Stararími 7, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049535, anddyri er minnkað, hús lækkað og þakkantur breytist í húsi á lóð nr. 62 við Haukdælabraut.  
Minnkun: 0,6 ferm., 18,2 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samræði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
15. **Hlíðarendi 6-10** (01.628.801) 106642 Mál nr. BN049869  
670269-2569 Knattspyrnufélagið Valur, Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík  
Sótt er um samþykki á teikningum vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir veitingasölu í flokk III, tegund g, fyrir 360 gesti með opnunartíma til kl. 1:00 virka daga og til kl. 3:00 um helgar í félagsheimili Knattspyrnufélagsins Vals á lóð nr. 2-6 við Hlíðarenda.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
16. **Holtavegur 23** (01.430.101) 105191 Mál nr. BN049706

621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir þremur færanlegum kennslustofum og tengigangi sunnan við B-álmú Langholtsskóla á lóð nr. 23 við Holtaveg.

K110-F: 78,6 ferm., 256,6 rúmm.

K111-F: 78,6 ferm., 256,6 rúmm.

K112-F: 78,6 ferm., 256,6 rúmm.

T60F: 11,54 ferm., 23,57 rúmm.

T: 2,1 ferm., 3,16 rúmm.

Samtals: 249,44 ferm., 796,53 rúmm.

Gjald kr. 9.823

*Frestað.*

*Lagfæra skráningu.*

17. **Holtavegur 8-10** (01.408.101) 104960 Mál nr. BN049882  
670492-2069 Reitir II ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hólfa niður rými 0202, innrétta skrifstofur og afgreiðslur fyrir bílaleigu og koma fyrir nýrri hurð á vesturhlið og brú frá henni út á efra bílplan hússins á lóð nr. 10 við Holtaveg.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
18. **Hólmsheiðarvegur 141** (05.185.102) 220239 Mál nr. BN049871  
560389-1089 Fisfélag Reykjavíkur, Pósthólf 8702, 128 Reykjavík  
621102-2220 Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að reisa þrjú flugskýli, mhl. 02, 03 og 04, úr stálgrind sem klædd er með bárumálmí á timburlektum og 12 mm Viroc plötum og stendur á steypnum undirstöðum, sbr. fyrirspurn BN048905, á lóð Fisfélags Reykjavíkur á lóð nr. 141 við Hólmsheiðarveg.  
Stærðir mhl. 02 - 264 fer., 1.320 rúmm., mhl. 03 - 264 ferm., 1.320 rúmm. mhl. 04 - 264 ferm., 1.320 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
19. **Hraunbær 102** (04.343.301) 111081 Mál nr. BN049851  
490793-2759 Hraunbær 102 b,c,d,e,húsfélag, Hraunbæ 102c, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að klæða suðurhlið og austurgafli með báruklæðningu, endurnýja handrið og fyrirskrifa svalalokanir á fjölbýlishús B, C, D og E, sbr. erindi BN047748, sem var synjað 1.7. 2014, á lóð nr. 102 við Hraunbæ.  
Meðfylgjandi er ástandskönnun útveggja dags. 15.3. 2013.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
20. **Hringbraut 121** (01.520.202) 105922 Mál nr. BN049828

520614-0600 JL Holding ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN49183 þannig að breytt er innra skipulagi í veitingastaðnum á 1. hæð í húsinu á lóð nr. 121 við Hringbraut.  
Gjald kr. 9.823

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*

21. **Hringbraut 87** (01.524.013) 106010 Mál nr. BN049876  
090462-2299 Gunnlaugur Jónasson, Hrauntunga 85, 200 Kópavogur  
Sótt er um samþykki á áður byggðum vegg í miðjum bílskúr og sameina það sem var mhl. 70 og mhl. 71 í mhl. 02.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vantar samþykki meðeigenda.*
22. **Hrísateigur 14** (01.360.204) 104519 Mál nr. BN049651  
430872-0289 Norðurey ehf., Fjarðarási 10, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að rífa einbýlishús á lóð nr. 14 við Hrísateig.  
Jafnframt er erindi BN048858 dregið til baka.  
Niðurrif: Fastanr. 201-8750 mhl.01, einbýlishús 244,5 ferm., 668 rúmm., mhl.02 bílskúr: 41,4 ferm., 103,5 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
23. **Hrísateigur 14** (01.360.204) 104519 Mál nr. BN049812  
430872-0289 Norðurey ehf., Fjarðarási 10, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja úr steinsteypu á þrem hæðum gistiheimili á lóð nr. 14 við Hrísateig.  
Jafnframt er erindi BN048858 dregið til baka.  
Stærðir brúttó: 1. hæð 197 ferm., 2. hæð 187 ferm., 3. hæð 187 ferm.  
Samtals: 571 ferm., 1.786,1 rúmm.,  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*
24. **Hverfisgata 61** (01.152.515) 101087 Mál nr. BN049762  
460212-1460 Hverfill ehf., Helluvaði 1, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta samþykktum teikningum og innréttu geymslur í suðurenda en vinnustofur í norðurenda kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 61 við Hverfisgötu.  
Erindi fylgir neikvæð fsp. BN048830 dags. 3. mars 2015 og bréf arkitekts dags. 26.8. 2015.

Gjald kr. 9.823  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.

25. **Klapparstígur 30** (01.171.108) 101374 Mál nr. BN049857  
671106-0750 Þingvangur ehf., Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048637, m. a. stiga er snúið, stigi í verslun er færður og salarhæðir og gluggar breytast í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 30 við Klapparstíg.  
Breyting á stærðum, minnkun: 5,3 ferm., 26,2 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
Samþykkt.  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.*  
*Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.*  
*Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
26. **Klettagarðar 6** (01.322.301) 188794 Mál nr. BN049875  
510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
440914-0550 Drangasker ehf., Lágmúla 9, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN049753 þannig að kaffistofa, fundaherbergi, salerni á millipalli eru færðar til og flóttastig og flóttahurð út frá millipalli eru færðar til í húsinu á lóð nr. 6 við klettagarða.  
Gjald kr. 9.823  
Frestað.  
*Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.*
27. **Langagerði 20** (01.832.010) 108537 Mál nr. BN049811  
171264-3919 Þorgeir Adamsson, Langagerði 20, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja sólskála með steypum sökkli við húsið á lóð nr. 20 við Langagerði. Erindi BN048250 er dregið til baka með þessu erindi  
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 20. nóvember 2014 og Bréf frá hönnuði dags. 28. ágúst 2015 fylgir erindi.  
Stækkun: 5,18 ferm., 13,6 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
Frestað.  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*  
*Grenndarkynningu ólokið.*
28. **Laugavegur 1** (01.171.016) 101361 Mál nr. BN048918  
680197-3269 Eignarhaldsfélagið Arctic ehf, Suðurhrauni 12c, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofan á bakhús sem er mhl. 04, og til að fjölga gistirýmum úr 4 í 8 í gististað í fl. IV, tegund b á lóð nr. 1 við Laugaveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. mars 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2015.  
Einnig fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar og lagt fram álit Hjalta Steinþórssonar dags. 28. ágúst 2015.  
Stækkun 109,5 ferm., 262 rúmm.

Samtals eftir stækkun 451,6 ferm., 1.382 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.*

29. **Laugavegur 3** (01.171.014) 101360 Mál nr. BN049874  
451103-3180 Fjárfestingafél Eignaleiga ehf., Hólahjalla 1, 200 Kópavogur  
440914-0550 Drangasker ehf., Lágmúla 9, 108 Reykjavík  
540705-0970 Indókína ehf., Hólahjalla 1, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN049636 vegna ábendingar við öryggisúttekt þannig að brunamerkingum er breytt í stigahúsi 0002 í húsinu á lóð nr. 3 við Laugaveg.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
30. **Laugavegur 32** (01.172.213) 101468 Mál nr. BN049631  
031243-3949 Paul Newton, Klapparstígur 44, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp svalir úr stáli og timbri og glugga við svalirnar á húsinu á lóð nr. 32 við Laugaveg.  
Einnig er lagt fram bréf eigenda ásamt samþykki tveggja hagsmunaaðila dags. 19. ágúst 2015.  
Samþykki meðlóðarhafa ódags. og umsögn Minjastofnun Íslands dags. 8. júlí 2015 fylgir. Jákvæð fyrirspurn dags. 5. maí 2015 fylgir.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Grenndarkynningu ólokið.*
31. **Menntavegur 1** (01.757.201) 214259 Mál nr. BN049833  
510105-4190 Háskólinn í Reykjavík ehf., Menntavegi 1, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta þægindavöruverslun í rými 1.1.01b í Háskólanum í Reykjavík á lóð nr. 1 við Menntaveg.  
Erindi fylgir yfirlýsing brunahönnuðar dags. 11. ágúst 2015.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
32. **Norðurgarður 1** (01.112.201) 100030 Mál nr. BN049729  
541185-0389 HB Grandi hf., Norðurgarði 1, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum frá áður samþykktu erindi BN048201 þannig að reyklosunarlúgur eru stækkaðar, þakefnum breytt í byggingarlýsingu, nýir gluggar og loftrist komi á frystivélahúsið ásamt breytingum innandyrna í húsi á lóð nr. 1 við Norðurgarð.  
Bréf frá Matvælastofnun dags. 31. ágúst 2015 fylgir.  
Gjald kr. 9.823 + 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
33. **Óðinsgata 1** (01.181.003) 101727 Mál nr. BN049877  
010557-4889 Þuríður Ottesen, Óðinsgata 1, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á áður samþykktu erindi, sjá BN048347, inngangur í íbúð 0201 er færður á bakhlið, útbygging stækkuð og breytingar gerðar á innra skipulagi íbúðar 0201 í húsi á lóð nr. 1 við Óðinsgötu.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 21. ágúst 2015.

Gjald kr. 9.823]

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*

34. **Ránargata 29A** (01.135.207) 100456 Mál nr. BN049696  
691112-0200 Black Sheep ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að fjarlægja kvist sem fyrir er, byggja nýjan stærri og svalir á vesturhlið og nýjar tröppur og pall við aðalinngang einbýlishúss á lóð nr. 29A við Ránargötu.  
Stækkun: 6,27 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. júlí 2015 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júlí 2015 einnig fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Grenndarkynningu ólokið.*
35. **Skaftahlíð 38** (01.274.203) 103641 Mál nr. BN049772  
200557-2049 Þórir Jósef Einarsson, Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík  
Sótt er um samþykki á íbúð í risi og á þegar gerðum breytingum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 38 við Skaftahlíð.  
Meðfylgjandi er samþykki meðeigenda.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
36. **Skipholt 35** (01.251.104) 103438 Mál nr. BN049738  
591206-2300 Alviðruhóll ehf., Skipholti 35, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka söludeild á götuhæð og endurinnrétta, loka hringstiga á milli söludeildar og skrifstofurýmis á 2. hæð og lagerhúsnæðið á götuhæð verður endurskipulagt og komið fyrir hringstiga milli þess og kjallara í húsinu á lóð nr. 35 við Skipholt.  
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 3 júlí 2015 og Bréf hönnuðar dags. 14. júlí 2015 og 13. ágúst. 2015 fylgir.  
Gjald kr. 9.823 + 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.*
37. **Skúlagata 28** (01.154.304) 101119 Mál nr. BN049619  
010372-3569 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík  
531006-3210 Rauðsvík ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 4. hæðar, innréttuð eru 10 gistiherbergi fyrir 122 gesti og brunavörnum breytt í gististað í flokki V sem hér með verður með 258 gistirými á lóð nr. 28 við Skúlagötu.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
38. **Sóltún 6** (01.233.501) 211565 Mál nr. BN049782  
430694-2199 Waldorfleikskólinn Sólstafrir, Grundarstíg 19, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja Waldorf leik- og grunnskólann Sólstafi úr steinsteypu á einni hæð með timburþaki á lóð nr. 6 við Sóltún.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. ágúst 2015 fylgir erindinu.

Stærðir:

Núverandi færanlegar kennslustofur brúttó, 378 ferm., 1.190,9 rúmm.

Nýbygging brúttó, 333,3 ferm., 1.306,7 rúmm.

Samtals á lóð: 711,3 ferm., 2.497,6 rúmm.

Lóð 11.235 ferm., nhl. 0,06

Meðfylgjandi eru varmatapsútreikningar dags. 18.8. 2015.

Gjald kr. 9.823

*Frestað.*

*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*

39. **Suðurlandsbraut 8** (01.262.103) 103517 Mál nr. BN049880  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja þrjár hæðir ofaná og dýpka til suðurs og til að byggja bílastæðahús á þremur pöllum sunnan við verslunar- og skrifstofuhús á lóð nr. 8 við Suðurlandsbraut.  
Erindi fylgir greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða og forsendur hönnunar dags. 22. maí 2015.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
40. **Tangabryggja 2-4** (04.023.401) 216248 Mál nr. BN049759  
611004-2570 Arcus ehf, Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er erum leyfi til að byggja fjölbýlishús með 42 íbúðum ásamt bílageymslu á lóð nr. 2-4 við Tangabryggju.  
Meðfylgjandi eru varmatapsútreikningar dags. 20. júlí 2015.  
Stærð: Kjallari 1.716,4 ferm., þar af bílageymsla 1.033,8 ferm., 1. hæð 899,3 ferm., 2. og 3. hæð 911,1 ferm., 4. hæð 864,1 ferm.  
Samtals A-rými: 5.302 ferm., 16.185,4 rúmm.  
B-rými: 199,5 ferm., XXX rúmm.  
C-rými: 101,5 ferm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
41. **Tjarnargata 28** (01.142.002) 100923 Mál nr. BN049725  
540909-0910 Feier ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja kvist á austurhlið og breyta innra skipulagi efri hæðar einbýlishúss á lóð nr. 28 við Tjarnargötu.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags, 9. júlí 2015, samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 8. júlí 2015, samþykki lóðarhafa Tjarnargötu 26 vegna breytinga á lóðamörkum og kaupsamningur dags. 22. maí 2015.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. ágúst 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. ágúst 2015 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 27. ágúst til og með 24. september 2015 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst 28. ágúst er erindið lagt fram að nýju.  
Stækkun: 1,76 ferm., 5,76 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að*

viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

42. **Túngata 5** (01.161.112) 101207 Mál nr. BN048461  
520702-2880 Mangi ehf., Túngötu 5, 101 Reykjavík  
Sótt er um samþykki á þegar gerðri breytingu þar sem bílgeymslu mhl. 02 er breytt í íbúð, einnig er sótt um leyfi til að breyta hurð í glugga og byggja þak yfir bílastæði við hús á lóð nr. 5 við Túngötu.  
Sbr. fyrirspurn BN048211 dags. 16. september 2014 og meðfylgjandi umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. október 2014.  
Gjald kr. 9.500  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
43. **Úlfarsbraut 122-124** (05.055.701) 205755 Mál nr. BN049807  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja úr steinsteypu 1. áfanga mhl. 01 sem er leikskólahluti fyrir 120 börn í Dalskóla á lóð nr. 122-124 við Úlfarsbraut.  
Bréf frá hönnuði dags. 4. ágúst 2015 og aftur 20. ágúst 2015 og bréf sem farið er fram á að sleppa við varmatapsútreikninga dags. 20.08.2015 fylgir.  
Stærðir: 819 ferm., 3.684,6 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
44. **Úlfarsbraut 122-124** (05.055.701) 205755 Mál nr. BN049765  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að færa tvær færanlegar kennslustofur nr. K-107-F og K108-F og tengja þær við kennslustofur K97-E og K98-E á byggingareit fyrir færanlegar kennslustofur innan lóðar nr. 122-124 við Úlfarsbraut.  
Stærð kennslustofa er: XX ferm., XX rúmm  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.*
45. **Vatnagarðar 38** (01.407.902) 104958 Mál nr. BN049803  
540400-2290 ALP hf., Vatnsmýrarvegi 10, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja þjónustubygginu úr samlokueiningum úr stáli á tveimur hæðum með kjallara sem hýsa á móttöku bílaleigu, skrifstofur, þvottastöð, viðgerðarverkstæði og geymslur í húsinu á lóð nr. 38 við Vatnagarða.  
Samþykki aðliggjandi lóðar dags. 12. ágúst 2015 og varmaleiðnitap dags. 27.ágúst 2015 fylgir.  
Stærðir húss er: 993,9 ferm. 4.613,5 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.*  
*Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og*



*aðrar þungavinnuvélar verði þrífnað áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*

46. **Veltusund 3B** (01.140.420) 100860 Mál nr. BN048747  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík  
460505-0540 Balance ehf, Viðarási 26, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, innrétta fimm íbúðir á 2. og 3. hæð, innrétta aðstöðu fyrir veitingahús 1. hæðar á 2. hæð, til að dýpka kjallara um 30 cm í húsi á lóð nr. 3B við Veltusund.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. febrúar 2015, þinglýst afsal dags. 10. október 2007 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 10. júní 2015.  
Stækkun: 4,6 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.*
47. **Vesturbrún 6** (01.380.203) 104741 Mál nr. BN049669  
240862-2479 Eiríka Guðrún Ásgrímsdóttir, Vesturbrún 6, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu vestan við einbýlishús á lóð nr. 6 við Vesturbrún.  
Jafnframt er erindi BN045470 fellt úr gildi.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2015 fylgir erindinu. Erindi var grenndarkynnt frá 24. júlí til og með 22. ágúst 2015. Engar athugasemdir bárust.  
Stærð viðbyggingar: 22,5 ferm., 68 rúmm.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
48. **Þverholt 7** (01.241.020) 103015 Mál nr. BN049822  
420502-2810 Antikhúsið ehf, Skólavörðustíg 21, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta meðtökustað í flokki I sem á að selja súpur og brauð í rými 0101 í húsi nr. 7 við Þverholt.  
Samþykki meðlóðarhafa dags. 5. ágúst 2015 og umboð dags. 29. júlí 2015, 3. ágúst 2015 og 5. ágúst 2015 fylgja.  
Gjald kr. 9.823  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*

### Ýmis mál

49. **Hlíðarendi 16** Mál nr. BN049885  
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að stofna nýja lóð Hlíðarenda 16, (staðgr. 1.627.401, landnr. 223517), eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti landupplýsingadeildar dags. 18. 08. 2015.  
Lóðin Hlíðarenda 16, (staðgr. 1.627.401, landnr. 221264) verður 6595 m<sup>2</sup> og er tekin úr óútvísaða landinu (landnr. 218177).

Sjá deiliskipulagsbreytingu samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 05. 11. 2014, samþykkt í borgarstjórn þann 02. 12. 2014 og auglýsta í B-deild Stjórnartíðinda þann 14. 01. 2015.

*Samþykkt.*

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

50. **Nesjavallaleið 9** (05.844.101) 193132 Mál nr. BN049884  
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans á meðfylgjandi Lóðauppdrætti staðgr. 5.844.1, gerðum 24. 08. 2015.  
Umsóknin er vegna byggingareitar fyrir dreifistöðvar O.R.  
Sjá deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 08. 05. 2013 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 29. 05. 2013.  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*
51. **Vík 125745** (00.064.001) 125745 Mál nr. BN049897  
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans á meðfylgjandi lóðauppdrætti staðgr. 33.535.1, gerðum 31. 08. 2015.  
Lóðin Vík ( Staðgr. 33.535.101, landnr. 125745) er í dag í fasteignaskrá skráð 123500 m<sup>2</sup>. Samkvæmt uppmælingu þá er rétt stærð lóðarinnar 123535 m<sup>2</sup>. Sjá deiliskipulag sem var samþykkt í skipulagsráði 26. 09. 2007, í borgarráði 04.10.2007 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. 12. 2007.  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

#### Fyrirspurnir

52. **Miðstræti 4** (01.183.114) 101936 Mál nr. BN049865  
141079-4099 Ingi Sturluson, Reynihvammur 4, 200 Kópavogur  
Spurt er hvort leyfi fengist til að opna gististað í flokki II eða heimagistingu í húsinu á lóð nr. 22B við Skólavörðustíg.  
*Með vísan til leiðbeininga á fyrirspurnarblaði.*
53. **Óðinsgata 4** (01.180.304) 101715 Mál nr. BN049873  
150834-2289 Kristjana Stefánsdóttir, Óðinsgata 4, 101 Reykjavík  
Spurt er hvort íbúðin 0002 fái samþykkt, sem er á jarðhæð hússins á lóð nr. 4 við Óðinsgötu.  
Meðfylgjandi er íbúðarskoðun dags. 28. maí 2010  
*Með vísan til leiðbeininga á fyrirspurnarblaði.*
54. **Skólavörðustígur 19** (01.182.005) 101811 Mál nr. BN049863  
141079-4099 Ingi Sturluson, Reynihvammur 4, 200 Kópavogur  
Spurt er hvort leyfi fengist til að opna gististað í flokki II eða heimagistingu í húsinu á lóð nr. 22B við Skólavörðustíg.  
*Með vísan til leiðbeininga á fyrirspurnarblaði.*
55. **Skólavörðustígur 22B** (01.181.205) 101759 Mál nr. BN049864  
141079-4099 Ingi Sturluson, Reynihvammur 4, 200 Kópavogur  
Spurt er hvort leyfi fengist til að opna gististað í flokki II eða heimagistingu í húsinu á lóð nr. 22B við Skólavörðustíg.  
*Með vísan til leiðbeininga á fyrirspurnarblaði.*
56. **Veghús 7-17** (02.843.501) 109737 Mál nr. BN049872  
011070-2219 Dalia Riskiené, Veghús 13, 112 Reykjavík  
300773-2499 Audrius Riskus, Veghús 13, 112 Reykjavík  
Spurt er hvort leyfi fengist til að byggja svalalokun á íbúð 040101 í fjölbýlishúsinu á lóð nr. 13 við Veghús.  
*Jákvætt.*

*Að uppfylltum skilyrðum enda verði sótt um byggingarleyfi. Samþykki meðeigenda þarf að fylgja.*

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 12:25**

Nikulás Úlfar Másson

Harri Ormarsson  
Sigrún Reynisdóttir  
Óskar Torfi Þorvaldsson

Björn Kristleifsson  
Jón Hafberg Björnsson  
Eva Geirsdóttir